## Verkefni í Excel fyrir unglingastig

Höfundur: **Jóhanna Geirsdóttir** 



MENNTAMÁLASTOFNUN

9249

# 1. verkefni 01hitastig

rifjar þú upp grunnskipanir í Excel

 Opnaðu skjalið **01hitastig** og vistaðu það strax í Excel-möppunni.

#### Að gefa síðu heiti og lita síðuflipa

- Að gera alla dálka jafnbreiða
- > Að bæta inn línum
- Að bæta inn dálkum
- Að fjölmiðja texta
- Að stækka letur
- Að feitletra texta
- Að setja texta í tvær línur
- Að miðja texta lóðrétt á línu
- > Frádráttur
- > Föllin Lágmark (MIN) og Hámark (MAX)
- Að afrita formúlur
- > Að setja rauðan lit á neikvæðar tölur
- Að setja inndrátt á texta
- Að breyta lit á stöfum
- > Að breyta lit á bakgrunni
- Að raða í stafrófsröð

#### Að gefa síðum heiti

Þú smellir tvisvar á heiti síðunnar neðst á skjánum og skrifar nýja heitið ofan í **Blað 1** og ýtir á **Enter** til að staðfesta.

#### Að lita síðuflipa

Þú getur litað síðuflipana með því að vera með bendilinn yfir síðunni, ýta á hægri músarhnapp og velja: **Flipalitur**.

Einnig er hægt að fara í **Heim – Hólf** Snið – Skipuleggja blöð: Flipalitur og velja lit.

Ef þú ert að vinna með margar síður í sama skjalinu er tilvalið að lita síðuflipana og gefa þeim heiti eftir því hvað verið er að vinna með.

Þá sést á fljótlegan hátt hvað er á hverri síðu.

Gefðu síðunni heitið Hitastig.
 Litaðu síðuflipann.

#### Snið – Blað – Endurnefna



Þú getur líka gefið síðunni heiti með því að velja **Heim – Snið – Skipuleggja blöð**: **Endurnefna blað** 

#### Snið – Skipuleggja blöð – Flipalitur



Hitastig

 Settu dálkana A, B, C og D í blokk og breikkaðu þá alla jafnmikið (13,00). Smelltu í hornið á töflunni fyrirofan línu 1,

vinstra megin við A-dálk. Þá fer öll síðan í blokk.

¢	А	В	
1			
2			
3			

Þú getur líka ýtt á hnappana **Ctrl** og **A** á lyklaborðinu samtímis til að setja alla síðuna í blokk.

Farðu með bendilinn á milli einhverra dálka (hér milli A- og B-dálks).





+

Dragðu bendilinn til hægri þar til breiddin á dálkunum er eins og þú vilt hafa hana.

1	А	В
1	Hitastig í nokkru	um borgum
2	London	0
3	Sidney	15
4	Reykjavík	1
5	New York	5
6	Minnsti hiti	
7	Mesti hiti	

Smelltu í númer línu 2.

	А	В	
1	Hitastig í nokkru	um borgum	
÷	London	0	
3	Sidney	15	

#### Farðu í Heim – Hólf – Setja inn: Setja inn línur

📴 S	etja inn 👻	Σ	Aı
<b>.</b>	Setja <u>i</u> nn hól	lf	fy
,	Setja inn lín <u>i</u>	<u>u</u> r	
	А		в

Auð lína kemur fyrir ofan línu 2.

	А	В	
1	Hitastig í nokkru	um borgum	
2	Borg	Hitastig á miðn	ætti
3	London	0	
4	Sidney	15	
5	Reykjavík	1	
6	New York	5	
7	Minnsti hiti		
8	Mesti hiti		

Bættu inn línu milli línu 1 og 2.
Skrifaðu fyrirsagnir í hólfin A2 og B2.
Borg og Hitastig á miðnætti og feitletraðu þær.

#### Að setja texta í tvær línur Textastýring Hitastig á Orðskrið Vertu með bendilinn í hólfinu. miðnætti Minnka svo passi Farðu síðan í valmyndina Sameina hólf Heim – Stilling – Sníða hólf – Stilling Textastýring – Orðskrið 87 ab Textaskrið Einnig er hægt að velja beint á tækjaslá € → 🖶 Sameina og miðja 🔻 með því að smella á hnappinn Textaskrið Stilling Textaskrið gerir allt efni í hólfi sýnilegt með því að sýna það í mörgum línum. В 5. Fyrirsögnin í B2 á að vera i tveimur Hitastig á línum (Textaskrið). og hægristillt. 2 miðnætti

6. Fjölmiðjaðu fyrirsögnina í línu 1 yfir A-, B- og C-dálk. Feitletraðu og stækkaðu letrið í 14 pt. Miðjaðu fyrirsögnina lóðrétt á línuna.

Hólfin A1 til C1 eru sett í blokk. Fjölmiðjun er valin á tækjaslá með því

5

렆 Sameina og miðja

að smella á hnappinn Sameina og miðja.

Lóðrétt miðjun



7. Vertu með bendilinn milli línu 1 og 2 og hækkaðu línu 1 (48,00). Farðu með bendilinn upp á ritlínuna og settu fyrirsögnina í tvær línur með því að ýta á hnappana Alt og Enter samtímis á undan seinni línunni (sjá fyrirmynd).

Hitastig í nokkrum borgum В

Hitastig Hæð: 48,00 (64 pixels) krum borgum

8. Bættu inn dálki milli A- og B-dálks. Smelltu í bókstaf B-dálks.

Farðu í Heim – Hólf – Setja inn:

#### Setja inn dálka.

Auður dálkur kemur vinstra megin við B-dálk.



9. Skrifaðu fyrirsagnir í hólfin B2 og D2 Hitastig á hádegi og Mismunur Feitletraðu þær. Settu fyrirsögnina í B2 í tvær línur. Hægristilltu fyrirsagnirnar í B2 og D2. Feitletraðu textann í hólfunum A7 og A8.

	А	В	С	D		
	Hitastig					
1		í nokkrun	n borgum			
		Hitastig á	Hitastig á			
2	Borg	hádegi	miðnætti	Mismunur		
3	London	6	0			
4	Sidney	8	15			
5	Reykjavík	4	-5			
6	New York	20	-2			
7	Minnsti hiti					
8	Mesti hiti					

10.	Breikkaðu	A-dálk í	15,00
-----	-----------	----------	-------



Að setja inndrátt á texta



Auka inndrátt

Minnka inndrátt

 Settu inndrátt frá vinstri á textann í A-dálki.

>

#### Smelltu í bókstafinn **A**

\*

Smelltu einu sinni á hnappinn **Auka inndrátt**. Þá færist efnið lengra frá ramma hólfsins vinstra megin.



#### Að afrita formúlu

Hafðu bendilinn í hólfinu sem formúlan er í.

Smelltu í neðra hornið hægra megin á hólfinu sem er eins og svartur kassi.

Lögun bendilsins breytist í kross. 🕂

Haltu vinstri músarhnappi niðri og dragðu niður í hólfið sem á að afrita formúluna í. Slepptu músinni.

 Farðu með bendilinn í hólfið D3 og settu formúlu sem reiknar út muninn á hitastigi á miðnætti og hádegi á hverjum stað.

Afritaðu formúluna niður í hólfið **D6**.

Þú finnur muninn á hitastiginu með því að draga hitastigið á miðnætti frá hitastiginu á hádegi.



4

5

6

-10

-3

-15

Farðu með bendilinn í hólfið B7.
 Finndu minnsta hita á hádegi á hverjum stað.
 Afritaðu formúluna yfir í hólfið C7.



5

6

7

igma<u>r</u>k eiri föll...

Þú velur fallið **Lágmark** í glugganum og ýtir á **Enter** til að staðfesta.

	А	В
2	Borg	Hitastig á hádegi
3	London	6
4	Sidney	25
5	Reykjavík	4
6	New York	20
7	Minnsti hiti	=MIN(B3:B6)

	А	В	С
7	Minnsti hiti	4	0

14. Farðu með bendilinn í hólfið B8.Finndu mesta hita á hádegi á hverjum stað.

Afritaðu formúluna yfir í hólfið C8.

∑ Sjálfvirk summa ∡				
Σ	<u>S</u> umma			
	M <u>e</u> ðal			
Fj <u>ö</u> ldi talna				
	Há <u>m</u> ark			
	Lágma <u>r</u> k			
	<u>F</u> leiri föll			

Þú velur fallið **Hámark** í glugganum. Smelltu í hólfið **B3** og dragðu niður í **B6** af því að þú ætlar að finna hæsta gildi af tölunum á svæðinu **B3** til **B6**. Ýttu á **Enter** til að staðfesta.

	А	В	
		Hitastig á	
2	Borg	hádegi	
3	London	6	
4	Sidney	25	
5	Reykjavík	4	
6	New York	20	
7	Minnsti hiti	4	
8	Mesti hiti	=MAX(B3:B6)	
	А	B	С
8	Mesti hiti	25	

15

Nú lítur verkefnið svona út.		А	В	С	D
	1	Hitastig í nokkrum borgum	1	g orgum	
	2	Borg	Hitastig á hádegi	Hitastig á miðnætti	Mismunur
Í skyggðum hólfum eru	3	London	6	0	-6
formúlur	4	Sidney	25	15	-10
Tormalar.	5	Reykjavík	4	1	-3
	6	New York	20	5	-15
	7	Minnsti hiti	4	0	
	8	Mesti hiti	25	15	

 Vistaðu skjalið og haltu síðan áfram að vinna í því. 16. Settu svæðið D3 til D8 í blokk og settu talnaútlit á neikvæðar tölur þannig að þær verði rauðar með - fyrir framan og engum aukastöfum.

#### Heim – Tala – Sníða hólf Aukastafir: 0 Neikvæðar tölur: -1234





19. Vistaðu skjalið aftur og lokaðu því.



 Settu dálkana A, B, C og D í blokk og breikkaðu þá alla jafnmikið (13,00).

A	В	<del>++</del>	C	

1

1	А	В	С	
1	Nemendafjöldi	í grunnskólum l	Reykjavíkur 2016	5-2018
2	Skólastarf í tölu	m		
3		2016-2017	2017-2018	
4	1. bekkur	1654	1497	
5	2. bekkur	1689	1658	
6	3. bekkur	1597	1654	
7	4. bekkur	1545	1576	
8	5. bekkur	1435	1531	
9	6. bekkur	1470	1449	
10	7. bekkur	1400	1480	
11	8. bekkur	1334	1400	
12	9. bekkur	1360	1339	
13	10. bekkur	1352	1363	
14	Samtals			
15	Flestir nemendur			
16	Fæstir nemendur			
17	Meðalfjöldi nei	menda		

**\*** 

4. Hækkaðu línu 2 í 36,00. Fjölmiðjaðu fyrirsögnina í línu 2 Skólastarf í tölum yfir A-, B- og C-dálk. Miðjaðu hana lóðrétt á línuna. Feitletraðu og stækkaðu í 12 pt letur.



- 5. Vertu með bendilinn í hólfinu A2. Smelltu einu sinni á sniðpensilinn á tækjaslánni og smelltu í A1. Hólfin fá sama útlit og lína 2.
- 6. Settu fyrirsögnina í línu 1 í tvær línur. Hækkaðu línu 1.



#### Heim – Textaskrið



#### Eða: Heim – Stilling – Textastýring – Orðskrið

7. Feitletraðu og hægristilltu ártölin í línu 3.



- 8. Settu hólfin A4 til A14 í blokk og hægristilltu textann.
- 9. Feitletraðu orðið Samtals í hólfinu A14.

Settu textann í A15 til A17 í blokk. Feitletraðu, hægristilltu og settu textann í tvær línur.

		1. bekkur	4
		2. bekkur	5
		3. bekkur	6
		4. bekkur	7
Samtals	14	5. bekkur	8
Flestir		6. bekkur	9
nemendur	15	7. bekkur	10
Fæstir		8. bekkur	11
nemendur	16	9. bekkur	12
Meðalfjöldi		10. bekkur	13
nemenda	17	Samtals	14

Settu tölurnar í hólfunum B4 til C13
 í blokk og settu þúsundaskiltákn
 með engum aukastöfum á þær.

#### Heim – Tala – Tala Aukastafir: 0 Nota þúsundaskiltákn (.)

Tala Stilling	Let	urgerõ	Rammi	Fylling		
Flokkur					3	
11 <u>0</u> KKuli		Daami			4	
Almennt	$\sim$	Dæmi			5	
Gialdmiðill		1.654	ł		6	
Bókhald		A <u>u</u> kast	afir: 0	<b>+</b>	7	
Dagsetning Tími			a búsunda	askiltákn ()	8	
Prósenta			<u>a</u> pasana	asterication (i)	9	
Brot		Neikvæ	eðar t <u>ö</u> lur:		10	
Vísindalegt		-1.234			44	
Texti		1.234				
Sérstakt		-1.234	ł		12	
Sérstillt		-1.234			13	

 Farðu með bendilinn í hólfið B14 og leggðu saman fjölda nemenda með því að smella tvisvar á hnappinn Sjálfvirk summa.

Afritaðu formúluna yfir í hólfið **C14**.

	А	В
3		2016-2017
4	1. bekkur	1.654
5	2. bekkur	1.689
6	3. bekkur	1.597
7	4. bekkur	1.545
8	5. bekkur	1.435
9	6. bekkur	1.470
10	7. bekkur	1.400
11	8. bekkur	1.334
12	9. bekkur	1.360
13	10. bekkur	1.352
14	Samtals	=SUM(B4:B13)

∑ Sjálfvirk summa →

В

2016-2017

1.654

1.689

1.597 1.545

1.435

1.470

1.400

1.334

1.360

1.352

С

2017-2018

1.497 1.658

1.654

1.576

1.531

1.449

1.480

1.400

1.339

1.363

	А	В	С
14	Samtals	14.836	14.947

- Farðu með bendilinn í hólfið B15.
  Finndu hvað nemendur voru margir þegar þeir voru flestir með því að nota fallið Hámark (MAX).
- 13. Farðu út á skjáinn og dragðu bendilinn yfir tölurnar í hólfunum B4 til B13. Ýttu á Enter til að staðfesta.
  Afritaðu formúluna yfir í hólfið C15.

Smelltu á örina niður við hnappinn Sjálfvirk summa.

Þá kemur upp listi yfir nokkur föll í Excel. Finndu fallið **Hámark** í listanum.

	A	В	∑ Siálfvirk summa 😴
3		2016-2017	- 1
4	1. bekkur	1.654	∑ <u>S</u> umma
5	2. bekkur	1.689	Meðal
6	3. bekkur	1.597	_
7	4. bekkur	1.545	Fj <u>ö</u> ldi talna
8	5. bekkur	1.435	Hámark
9	6. bekkur	1.470	
10	7. bekkur	1.400	Lágma <u>r</u> k
11	8. bekkur	1.334	Eloiri foll
12	9. bekkur	1.360	<u>Field follow</u>
13	10. bekkur	1.352	
14	Samtals	14.836	
	Flestir		
15	nemendur	=MAX(B4:B13)	
1	А	В	С

	А	В	С
	Flestir		
15	nemendur	1.689	1.658

- Farðu með bendilinn í hólfið B16.
  Finndu hvað nemendur voru margir þegar þeir voru fæstir með því að nota fallið Lágmark (MIN).
- 15. Farðu út á skjáinn og dragðu bendilinn yfir tölurnar í hólfunum B4 til B13. Ýttu á Enter til að staðfesta.
  Afritaðu formúluna yfir í hólfið C16.

Smelltu á örina niður við hnappinn **Sjálfvirk summa**. Þá kemur upp listi yfir nokkur föll í Excel.

Finndu fallið Lágmark í listanum.

	А	В
3		2016-2017
4	1. bekkur	1.654
5	2. bekkur	1.689
6	3. bekkur	1.597
7	4. bekkur	1.545
8	5. bekkur	1.435
9	6. bekkur	1.470
10	7. bekkur	1.400
11	8. bekkur	1.334
12	9. bekkur	1.360
13	10. bekkur	1.352
14	Samtals	14.836
	Flestir	
15	nemendur	1.689
	Fæstir	
16	nemendur	=MIN(B4:B13)



	А	В	С
	Fæstir		
16	nemendur	1.334	1.339

16. Farðu með bendilinn í hólfið B17.
Finndu meðalfjölda nemenda með því að nota fallið Meðal (AVERAGE). Smelltu á örina niður við hnappinn

#### Sjálfvirk summa.

Þá kemur upp listi yfir nokkur föll í Excel.

#### Finndu fallið **Meðal** í listanum.

17. Farðu út á skjáinn og dragðu bendilinn yfir tölurnar í hólfunum B4 til B13. Ýttu á Enter til að staðfesta. Afritaðu formúluna yfir í hólfið C17.

	А	В	<b>Siálfvirk summ</b>
3		2016-2017	
4	1. bekkur	1.654	∑ <u>S</u> umma
5	2. bekkur	1.689	Meðal
6	3. bekkur	1.597	Th <u>c</u> our
7	4. bekkur	1.545	Fj <u>ö</u> ldi talna
8	5. bekkur	1.435	Hámark
9	6. bekkur	1.470	
10	7. bekkur	1.400	Lágma <u>r</u> k
11	8. bekkur	1.334	Eleiri föll
12	9. bekkur	1.360	<u>r</u> icii roniii
13	10. bekkur	1.352	
14	Samtals	14.836	
	Flestir		
15	nemendur	1.689	
	Fæstir		
16	nemendur	1.334	
	Meðalfjöldi		
17	nemenda	=AVERAGE(B4:B1	3)
	А	В	С
	Meðalfjöldi		

1.484

1.495

nemenda

17

			_		
Nú lítur verkefnið svona út.		A	B	С	
		Nemenda	fjöldi í grunnsl	í grunnskólum	
		Reykja	avíkur 2016-20	18	
	1				
	2	Skó	lastarf í tölum		
	3		2016-2017	2017-2018	
	4	1. bekkur	1.654	1.497	
	5	2. bekkur	1.689	1.658	
	6	3. bekkur	1.597	1.654	
	7	4. bekkur	1.545	1.576	
	8	5. bekkur	1.435	1.531	
Í skyggðum hólfum eru	9	6. bekkur	1.470	1.449	
formatility	10	7. bekkur	1.400	1.480	
Tormulur.	11	8. bekkur	1.334	1.400	
	12	9. bekkur	1.360	1.339	
	13	10. bekkur	1.352	1.363	
	14	Samtals	14.836	14.947	
		Flestir			
	15	nemendur	1.689	1.658	
		Fæstir			
	16	nemendur	1.334	1.339	
		Meðalfjöldi			
	17	nemenda	1.484	1.495	

18. Vistaðu skjalið og haltu síðan áfram að vinna í því.

#### 19. Útbúðu myndrit

Settu svæðið A3 til C13 í blokk og farðu í flipann Setja inn – Stöplarit. Veldu tvívíða stöpla – Klasað stöplarit

	• <mark>М</mark> • –	
Tvívíðir	stöplar	

Klasað stöplarit er notað til að bera saman gildi þvert á flokka með því að nota lóðrétta rétthyrninga.

Það er einnig notað þegar röð flokkanna skiptir ekki máli eða til að sýna fjöldatalningar svo sem í stuðlariti



- 20. Smelltu á Chart Title (Titill grafs)
   Skrifaðu textann: Nemendafjöldi í grunnskólum Reykjavíkur 2016–2018
   Ýttu á Enter.
- Chart Title Nemendafjöldi í grunnskólum Reykjavíkur 2016– 2018

21. Stækkaðu myndritið.

Smelltu á myndritið.

Farðu með músina yfir hringinn hægra megin neðst á myndritinu (**Svæði myndrits**).



Smelltu með vinstri músarhnappi og dragðu rammann til hægri.

Slepptu þegar þú hefur stækkað myndritið nógu mikið.

Forskoðun prentunar

Skrá – Prenta

Í forskoðun prentunar sérðu hvernig skjalið lítur út ef þú ætlar að prenta það út á blað.

Til að fara í prentskoðun ferðu í **Skrá** og velur **Prenta**.



22. Smelltu í eitthvert hólf fyrir utan myndritið og skoðaðu síðuna í forskoðun prentunar.
Þú sérð aðeins hluta af síðunni þar sem myndritið fer á aðra síðu.

Til að fara úr forskoðun prentunar ýtirðu á **Esc**-hnappinn efst í vinstra horninu á lyklaborðinu eða smellir á hnappinn **Heim** á tækjaslánni þegar þú ert í forskoðun prentunar.



#### Uppsetning síðu Útlit síðu – Uppsetning síðu

#### Þegar þú ferð í Útlit síðu – Uppsetning síðu

færðu upp valmynd þar sem þú getur stillt verkefnið á síðuna eins og þú vilt hafa það.

Uppsetnin	g síðu		
Síða	Spássíur	Haus/fótur	Línurit

Síða	Lega blaðsins (lóðrétt/lárétt) o.fl.
Spássíur	Spássíur, staðsetning verkefnisins á síðunni.
Haus/fótur	Haus/fótur.
Blað	Útlínur o.fl.

Útlit síðu – Uppsetning síðu	Uppsetning síðu	? ×
Stefna	Síða Spássíur Haus/fótur Blað	
A State S	Stefna O S <u>k</u> ammsnið A O La <u>n</u> gsnið Kvörðun	
A Start Shið (langsnið)	<ul> <li>Miõ<u>a</u> viõ: 100</li></ul>	
Pappírsstærðin á að vera A4.	Pappírsstærð:       A4         Prentgæði:       300 dpi         Fyrsta blaðsíðutal:       Sjálfvirkt         Prenta       Eorskoðun prentunar	V <u>a</u> lkostir
	Ílagi	Hætta við

Ef verkefnið á að passa á eina blaðsíðu í útprentun er hakað við

#### Staga að: 1 síður á breidd og 1 á hæð

Ef hluti skjalsins fer á næstu blaðsíðu þá er gott ráð að haka við þennan valmöguleika.

Spássíur	Uppsetning síðu	? ×
Upphafsstillingar á spássíum í	Síōa Spássíur Haus/fótur Blaō	
Excel eru:	E <u>f</u> st: Síõ <u>u</u> haus: 1,9 ≑ 0,8 ≑	
Efst : 1,9 cm		
Neðst: 1,8 cm		
Vinstri: 1,8 cm	Vinstri: Hægri:	
Hægri: 1,8 cm	1,8 🔹	
Bil frá efri brún blaðsins		
að texta í haus: 0,8 cm		
Bil frá neðri brún blaðsins	N <u>e</u> ōst: Sí <u>ō</u> ufótur:	
að texta í fæti: 1,8 cm	Miðja á síðu	
	☑ <u>L</u> árétt	
þessum stillingum er vfirleitt	✓ Ló <u>ō</u> rétt	
ekki brovtt		
CAR DICYLL.	P <u>r</u> enta <u>F</u> orskoðun prentunar	V <u>a</u> lkostir
	Ílagi	Hætta við

Ef verkefnið á að vera miðjað lárétt og lóðrétt á blaðsíðuna þarftu að haka við Lárétt og Lóðrétt í þessari valmynd.

Miðja á síðu	
✓ Lárétt	
✓ Ló <u>ō</u> rétt	

Þá er jafnt bil fyrir ofan/neðan verkefnið á síðunni og vinstra/hægra megin við það í útprentun.

Haus/fotur
------------

Sérstillt<u>u</u>r síðuhaus...

Sérstilltur síðufótur...

Til að setja haus í skjal, þ.e. texta sem á að birtast efst á hverri síðu, þarftu að smella í Sérstilltur síðuhaus og skrifa inn textann.

Til að setja fót í skjal, þ.e. texta sem á að birtast neðst á hverri síðu, þarftu að smella í Sérstilltur síðufótur og skrifa inn textann.

Ef þú smellir á **Sérstilltur síðuhaus** kemur upp valmynd þar sem þú getur skrifað textann sem á að koma í haus. Skjárinn er þrískiptur.

Þú smellir með músinni til að komast á milli reita – eða notar dálklykilinn.

Síðuhaus	?	×
Síðuhaus		
Ef sníða á texta: veldu textann og veldu hnappinn Sníða texta. Til að setja inn blaðsíðutal, dagsetningu, tíma, skrárslóð, skrárheiti eða flipaheiti: settu innskotsstaðinn í breytingareitinn og veldu svo viðeigandi hnapp. Til að setja inn mynd: ýttu á hnappinn "Setja inn mynd". Ef þú vilt sníða myndina skaltu setja bendilinn í breytingareitinn og ýta á hnappinn Sníða mynd.		
Vinstri hluti: Miðjuhluti: Hægri hluti:		
Nafn 🔷		< >
Ílag	ji Ha	etta við

Þú skrifar textann sem á að koma í hausinn og smellir á **Í lagi**.

Síðan ferðu í fótinn með því að velja Sérstilltur síðufótur.

Síðufótur			?	×
Síðufótur				
Ef sníða á texta: veldu textann Til að setja inn blaðsíðutal, da innskotsstaðinn í breytinga Til að setja inn mynd: ýttu á hn bendilinn í breytingareitin	og veldu hnappinn Sníða texta. gsetningu, tíma, skrárslóð, skrárhe areitinn og veldu svo viðeigandi hr appinn "Setja inn mynd". Ef þú vilt n og ýta á hnappinn Sníða mynd.	iti eõa flipaheiti: settu napp. : sníða myndina skaltu setja		
		🖹 🗐 📰 📑 📎		
<u>V</u> instri hluti:	M <u>i</u> ðjuhluti:	H <u>æ</u> gri hluti:		
	&[Skrá]			< >
		Íla	igi Hætt	a viõ

Til að setja inn heiti skjals smellirðu á hnappinn ig log heitið kemur á skjáinn sem &[Skrá] Síðan smellirðu á **Í lagi**. Þá sérðu textann sem birtist efst á síðunni.

Ef skjalið fer yfir á fleiri blaðsíður kemur þessi texti sjálfkrafa á allar síðurnar.

Ef skjalið hefur ekki verið vistað stendur **Bók1** í fæti.

Þegar skjalið hefur verið vistað undir ákveðnu heiti kemur það sjálfkrafa í fótinn.

Þú smellir á hnappinn **Í lagi** til að komast aftur í skjalið sjálft.

23. Farðu í Útlit síðu – Uppsetning síðu og veldu lárétt snið (Langsnið) á síðuna. Láttu verkefnið passa á eina síðu. Miðjaðu verkefnið lárétt og lóðrétt síðuna.
Settu haus og fót samkvæmt fyrirmynd.
Skoðaðu skjalið í prentskoðun.



24. Vistaðu skjalið aftur og lokaðu því.



Breikkaðu A-dálk.
 Hafðu einn aukastaf á hólfinu B5.



Þú fjölgar aukastöfum með því að smella á hnappinn **Fjölga** aukastöfum á Heim-flipa

	А	В	С
1		Pitsuuppskrift	
2			
3	Laukur (g)	50	
4	Nautahakk (g)	200	
5	Oregano (tsk.)	0,5	
6	Tómatsósa (msk.)	3	
7	Rifinn ostur (g)	150	

#### Útreikningar á textahólfum

Ekki má blanda saman texta og tölum í hólfum ef nota á tölurnar til útreikninga nema það sé gert á eftirfarandi hátt.

- Skrifaðu töluna 4 í hólfið B2 og ýttu á
   Ctrl og Enter.
   Feitletraðu töluna.
- Farðu í Heim Tala.
  Veldu Sérstillt í listanum Flokkur.
  Veldu 0 í listanum Gerð.
- 6. Skrifaðu "Fyrir" 0 á línuna undir Gerð: og smelltu á Í lagi. Hækkaðu línuna örlítið.



færðu með því að ýta á Shift-lykilinn og tölustafinn 2 á lyklaborðinu.

Þú skrifar "**Fyrir**" á línuna.

Síðan ýtir þú á orðabil og skrifar **0** (núll) fyrir aftan **"Fyrir" 0** og smellir á **Í lagi**.

B2	· ·	÷	$\times$	$\sim$	$f_{\mathcal{K}}$	4
	А			В		1
1			Pi	tsuupp	oskrif.	
2				Fyrir	4	1

#### Að fylla tölur í hólf Heim – Breytingar – Fylla – Röð...

Nú átt þú að láta Excel fylla tölur sjálfvirkt í næstu hólf og láta tölurnar hlaupa á fjórum.

Settu svæðið B2 til E2 í blokk og farðu í
 Heim – Breytingar – Fylla – Röð



 Breyttu Þrepagildi: 1 í Þrepagildi: 4 og smelltu á Í lagi.

	А	В	С	D	Е
1		Pitsuupps	krift		
2		Fyrir 4	Fyrir 8	Fyrir 12	Fyrir 16

Þr<u>e</u>pagildi: 4

9. Hækkaðu línu 1. Feitletraðu fyrirsögnina í hólfinu **B1**. = = = 茔 Sameina og miðja Stækkaðu letrið í 14 pt. С D в Е Fjölmiðjaðu yfir hólfin **B1** til **E1**. Pitsuuppskrift Miðjaðu fyrirsögnina lóðrétt á línuna. Að sameina hólf Heim – Stilling 10. Settu hólfin A1 og A2 í blokk og Sameina og miðja sameinaðu þau. A 🗄 Sameina og miðja 2 Setia inn Útlit síðu Formúlu Setja inn **11.** Settu mynd af pitsu í hólfið **A1**. Netmyndir Skrifaðu pizza og ýttu á Enter. Tafla Mynd Netmyndi Þú mátt velja hvaða mynd þú setur í Teikninga

Þú þarft **ekki** að nota sömu mynd og gert er hér.

verkefnið.

Þegar þú hefur ákveðið hvaða mynd þú ætlar að setja í verkefnið hakarðu við hana og smellir á Setja inn.
Síðan dregurðu hana þangað sem þú vilt hafa hana.

> Þú þarft ef til vill að minnka myndina til að hún passi í hólfið.

 Vistaðu skjalið og haltu síðan áfram að vinna í því.

 Settu formúlu í hólfið C3 sem reiknar út hve mikið magn Jakob þarf fyrir 8 gesti. Afritaðu formúluna niður í hólfið C7 og síðan til hægri yfir í hólfið E7.





pizza

Myndir á netinu

🕨 Bing 🝷

Til að minnka myndina er smellt í hægra hornið neðst og dregið inn að miðju.

	В	С
2	Fyrir 4	Fyrir 8
3	50	=B3/B2*C2

Þú deilir með 4 í 50 til að reikna út hve mikið magn hann þarf fyrir einn.

Síðan margfaldar þú þá tölu með 8.

Þá færðu út hve mikið þarf fyrir þann fjölda.

Nú lítur verkefnið svona út.

Í skyggðum hólfum eru formúlur.

	А	В	С	D	E
1			Pitsuup	opskrift	
2		Fyrir 4	Fyrir 8	Fyrir 12	Fyrir 16
3	Laukur (g)	50	100	150	200
4	Nautahakk (g)	200	400	600	800
5	Oregano (tsk.)	0,5	1,0	1,5	2,0
6	Tómatsósa (msk.)	3	6	9	12
7	Rifinn ostur (g)	150	300	450	600

Í línu **5** er einn aukastafur.

15.	Farðu í <b>Útlit síðu – Uppsetning síðu</b>
	Síða
	Hafðu lárétt snið á síðunni ( <b>Langsnið</b> ).
	Spássíur
	Miðjaðu verkefnið á síðuna.
	Miðjustilla á síðu: Lárétt og Lóðrétt
	Haus/Fótur
	Settu haus með nafninu þínu fyrir
	miðju. Settu fót í verkefnið með heiti
	skjalsins vinstra megin og heiti síðunnar
	hægra megin.

#### Í valmyndinni Uppsetning síðu – Haus/Fótur: Sérstilltur haus

kemur upp valmynd þar sem þú getur skrifað textann sem á að koma í haus.

Skjárinn er þrískiptur. Þú notar dálklykilinn (eða músina til að komast á milli reita).

Þú skrifar textann sem á að koma í hausinn og smellir á Í lagi.

Síðan ferðu í fótinn með því að velja: Sérstilltur fótur.

Til að setja inn heiti skjals smellirðu á hnappinn 💷 og heitið kemur á skjáinn sem &[Skrá]

Til að setja inn heiti síðu smellirðu á hnappinn 📖 og heitið kemur á skjáinn sem &[Dálkhak]

Síðan smellirðu á **Í lagi**.

**16.** Farðu í forskoðun prentunar.

17. Vistaðu skjalið aftur og lokaðu því.



3. Breikkaðu A-dálk.

- 2	А	В	С
1	Úrslit kosninga		
2		Fjöldi atkv	/æða
3	Halldóra	60	
4	Guðrún	20	
5	Anna	35	
6	Jónas	78	
7	Valdimar	40	
8	Skarphéðinn	25	
9	Samtals		

Hækkaðu línu 1.
Feitletraðu fyrirsögnina í hólfinu A1 og fjölmiðjaðu yfir hólfin A1 til C1.
Stækkaðu letrið í 14 pt.
Miðjaðu fyrirsögnina lóðrétt á línuna.



 Hægristilltu og feitletraðu textann í hólfinu B2 og settu í tvær línur. Hækkaðu línuna. Vertu með bendilinn í hólfinu **B2**. Farðu í skipunina **Heim – Textaskrið** 

Δ

ab C <sup>4</sup> Textaskrið					
1	В				
	Fjöldi				
2	atkvæða				

6. Feitletraðu orðið Samtals í hólfinu A9.

Breikkaðu B- og C-dálk í 10.
 Feitletraðu og hægristilltu orðið
 Hlutfall í hólfinu C2.



9 Samtals

#### Farðu í hólfið B9 og leggðu saman fjölda greiddra atkvæða.

#### Vertu með bendilinn í hólfinu **B9** og smelltu á

hnappinn Sjálfvirk summa.

Σ Sjálfvirk summa 👻

	А	В
		Fjöldi
2		atkvæða
3	Halldóra	60
4	Guðrún	20
5	Anna	35
6	Jónas	78
7	Valdimar	40
8	Skarphéðinn	25
9	Samtals	=SUM(B3:B8)
	Α	В
9	Samtals	258

#### Tilvísun

Með tilvísun er átt við að formúlur vísi í ákveðna hólf.

#### Föst tilvísun

Ef vísa á oftar en einu sinni í sama hólf í formúlu sem á að afrita þarf að festa tilvísunina

í hólfið, til dæmis þegar verið er að margfalda eða deila með sömu tölunni.

Til að festa tilvísun í hólf er ýtt á hnappinn **F4** á lyklaborðinu.

Dollaramerkið (\$) kemur fyrir framan bókstaf dálks og númer línu.

Það kemur í veg fyrir að liðurinn breytist þegar formúlan er afrituð, þ.e. formúlan heldur áfram að vísa í sama hólfið.



 Farðu með bendilinn í hólfið C3 og reiknaðu út hvað Skarphéðinn fær hátt hlutfall af greiddum atkvæðum. Festu tilvísunina í hólfið B9. Vertu með bendilinn í hólfinu **C3** og skrifaðu inn jafnaðarmerkið.

Smelltu síðan í hólfið **B3** og skrifaðu inn **/** (deilingarmerkið). Farðu síðan með bendilinn í hólfið **B9** og ýttu á hnappinn **F4** á lyklaborðinu. Þá kemur \$-merki fyrir framan B-dálk og línu 9. **\$B\$9** 

Ýttu síðan á Enter.

Dollaramerkið (\$) kemur í veg fyrir að liðurinn breytist þegar formúlan er afrituð niður, þ.e. formúlan heldur áfram að vísa í hólfið **B9**.

	Α	В	С	
3	Halldóra	60	=B3/\$B\$9	
4	Guðrún	20		
5	Anna	35		
6	Jónas	78		
7	Valdimar	40		
8	Skarphéðinn	25		
9	Samtals	258		

#### Farðu aftur í hólfið C3.

	Α	В	С
3	Halldóra	60	0,232558

Smelltu á hnappinn fyrir

prósentustillingu á tækjaslánni.

Þá birtist gildi hólfs sem prósenta.

Smelltu tvisvar á hnappinn

**Fjölga aukastöfum** á tækjaslánni. Þá sjást nákvæmari gildi í hólfinu (þ.e. fleiri aukastafir).

	Α	В	С
3	Halldóra	60	23,26%

.00

.00

 Niðurstöðutalan birtist í tugabroti.
 Þú þarft að setja prósentustillingu og tvo aukastafi á hólfið.

11 Afritaðu formúluna niður í hólfið <b>C9</b>	A	В	С		
	3 Halldóra	60	23,26%		
	4 Guðrún	20			
	5 Anna	35			
	6 Jónas	78			
	7 Valdimar	40			
	8 Skarphéðinn	25			
	9 Samtals	258			
<b>13</b> Dažaž, franch:///	Settu svæðið <b>A3</b> til <b>C</b> 1	Rí 🗛 🗕			
12. Radadu frambjodendunum i stafrofsrod					
(Raða frá A til Ö).	blokk og smelltu a or	Ina Raða og	g Leita og		
	niður á hnappnum fyrir röðun á tækjaslánni. Veldu: <b>Raða frá A til Ö</b> .				
Nú lítur verkefnið svona út.	A	В	С		
	1 1 Fjöldi				
	2 atkvæða Hlut				
	3 Anna	35	13,57%		
Í skyggðum hólfum eru	4 Guðrún	20	7,75%		
formerillur	5 Halldóra 60		23,26%		
tormulur.	6 Jónas	78	30,23%		

#### Að breyta uppröðun á gögnum

Hægt er að breyta uppröðun á gögnum þannig að dálkar verða línur og línur verða dálkar.

Svæðið er sett í blokk og ýtt á hnappinn Afrita.

Síðan er farið með bendilinn þangað sem afrita á gögnin. Því næst er farið í örina niður hjá hnappnum Líma og hakað við **Bylta – Í lagi**.



25

40

258

9,69%

15,50%

100,00%

Skarphéðinn

Valdimar

Samtals

7 8

9



Breyttu uppröðun á gögnum í verkefninu.
Feitletraðu og hægristilltu fyrirsagnirnar í línu 11.
Vinstristilltu textann í A15 og A16.

Settu svæðið **A2** til **C9** í blokk og ýttu á skipunina **Afrita** á tækjaslánni.

Farðu með bendilinn í hólfið **A11**.

Smelltu síðan í örina niður hjá hnappnum **Líma**. Veldu: **Bylta**.





**14.** Taktu aukastafi af hólfinu **H13**.

Smelltu tvisvar á hnappinn Fækka aukastöfum á tækjaslánni.



Nú lítur verkefnið svona út.

Í skyggðum hólfum eru formúlur.

	А	В	С	D	E	F	G	Н
1	Úrslit kosninga							
2		Fjöldi atkvæða	Hlutfall					
3	Anna	35	13,57%					
4	Guðrún	20	7,75%					
5	Halldóra	60	23,26%					
6	Jónas	78	30,23%					
7	Skarphéðinn	25	9,69%					
8	Valdimar	40	15,50%					
9	Samtals	258	100,00%					
10								
11		Anna	Guðrún	Halldóra	Jónas	Skarphéðinn	Valdimar	Samtals
12	Fjöldi atkvæða	35	20	60	78	25	40	258
13	Hlutfall	13,57%	7,75%	23,26%	30,23%	9,69%	15,50%	100%

#### Skífurit

15. Útbúðu skífurit í þrívídd sem sýnir skiptingu atkvæða í prósentum. Veldu Þrívíddarskífurit.

Settu svæðið A3 til B8 í blokk og farðu í Setja inn – Skífurit Þrívíddarskífurit

Úrslit kosninga

Línuritseiningar



- 16. Skrifaðu fyrirsögn: Úrslit kosninga og ýttu á Enter.
- 17. Sýndu prósentuhlutfall utan við enda:
   Línuritseiningar Gagnamerki
   Fleiri valkostir.
- 18. ⊿ Valkostir merkja
  Merki inniheldur
  Taktu hakið af: Gildi
  Hakaðu við: Prósenta
  Staðsetning merkis
  Hakaðu við: Utan við enda.
- Stækkaðu myndritið og færðu það í hólfið A15.

	<ul> <li>✓ Titil</li> <li>✓ Gag</li> <li>✓ Ský</li> </ul>	l grafs <sub>I</sub> namerki ring	•	Mið Inna Utar Kjör Gag Fleir	ja n við enda breidd naútskýrir ri valkostir.	a ng
Valkostir n	nerkja 🔻	Textavalko	stir			
	7 14	ılı				
<ul> <li>Valkosti</li> </ul>	ir merkja					
Merki in	niheldur					
Gil	<u>d</u> i úr hólfur	n				
🗌 He	iti <u>r</u> aðar					
He	iti flokks					
Gil	di					
	écenta					
	na leiðilínur					
	/mine and a deill					
SK	уп <u>п</u> дапукш					
Skiltak	m			*		
End	urstilla merk	ijatexta				
Staðsetr	ning merkis					
<u>О М</u> і	õja					
<u> </u>	nan við end	a				
● <u>U</u> t	an við enda					
⊖ Kjć	örbreidd	_				

20.Settu A1 til C9 í blokk og settu ramma<br/>utan um hólfin.Heim – Rammar<br/>Allar línurSettu einnig ramma utan um hólfin<br/>A15 til H16.Heim – Rammar<br/>Allar línur



21.	Farðu í <b>Útlit síðu – Uppsetning síðu Síða</b> Hafðu lárétt snið á síðunni ( <b>Langsnið</b> ). Láttu verkefnið passa á eina síðu.	
	Spássíur Miðjaðu verkefnið á síðuna. Miðja á síðu Lárétt og Lóðrétt	
	Haus/Fótur Settu haus með nafninu þínu fyrir miðju. Settu fót í verkefnið með heiti skjalsins vinstra megin og heiti síðunnar hægra megin.	

#### 22. Farðu í forskoðun prentunar.



23. Vistaðu skjalið og lokaðu því.



	А	В	С
1	Hæstu fjöll me		
2			Metrar
3	Asía	Mount Everest (Nepal/Tíbet)	8854
4	S-Ameríka	Aconcagua (Argentína)	6963
5	N-Ameríka	Mount McKinley (Alaska)	6197
6	Afríka	Kilimanjaro (Tansanía)	5899
7	Antartica	Vinson Massif	5143
8	Evrópa	Mont Blanc (Frakkland/Ítalía)	4810
9	Eyjaálfa	Mount Kosciusko (Ástralía)	2230

- Feitletraðu fyrirsögnina í hólfinu A1.
  Fjölmiðjaðu yfir hólfin A1 til C1.
  Stækkaðu letrið í 14 pt.
  Miðjaðu hana lóðrétt á línuna.
  Hækkaðu línu 1.
- Hægristilltu og feitletraðu orðið Metrar í hólfinu C2. Hækkaðu línuna örlítið.





 Settu þúsundaskiltákn með engum aukastöfum á tölur í C-dálki.

Þúsundaskiltákn	Metrar
Heim – Tala	2.230
Aukastafir: <b>O</b>	4.810
	5.143
Nota pusundaskiltakn (.)	5.899
Aukastafir: 0	6.197
	6.963
Vot <u>a</u> þúsundaskiltákn (.)	8.854

#### Að raða gögnum eftir mismunandi dálkum Gögn – Raða

Þegar gögnum er raðað í stafrófsröð eftir fyrsta dálki er nóg að smella á hnappinn fyrir röðun á tækjaslánni.

Ef óskað er eftir að raða eftir t.d. B- eða C-dálki þarf að fara í **Heim – Raða og sía** og velja **Sérstillt röð**. Þar er hægt að stjórna eftir hvaða dálki á að raða gögnunum.

 Settu svæðið A2 til C9 í blokk og raðaðu töflunni eftir hæð í metrum.

<b>A</b> Z▼	$\mathcal{Q}$	
Raða og sía ≖	Leita og velja ∗	
A_↓ Raða frá A til <u>Ö</u>		
Z↓ <u>R</u> aða frá Ö til A		
<mark>↓↑</mark> Sérs <u>t</u> illt röð		

Farðu í valmyndina **Heim – Raða og sía Sérstillt röð** og veldu **Metrar** úr fellivalmyndinni.

Hafðu hakað við: 🗹 Gögnin hafa fyrirsagnir

Raða					? ×
* <mark>A</mark> ↓ <u>B</u> æta v	riō þrepi 🔀 <u>E</u> yōa þrep	i 🖹 🖻 <u>A</u> frita þrep 🔺	▼ <u>V</u> alkostir	🗹 Gögnin h	afa <u>f</u> yrirsagnir
Dálkur		Raõa eftir	Röð		
Raõa eftir	Metrar 🗸	Gildi hólfs	<ul> <li>✓ Minns</li> </ul>	ta til stærsta	$\sim$
	(Dálkur A) (Dálkur B) Metrar				

Nú lítur verkefnið svona út.

	А	В	С	
1	Hæstu fjöll meginlandanna			
2			Metrar	
3	Eyjaálfa	Mount Kosciusko (Ástralía)	2.230	
4	Evrópa	Mont Blanc (Frakkland/Ítalía)	4.810	
5	Antartica	Vinson Massif	5.143	
6	Afríka	Kilimanjaro (Tansanía)	5.899	
7	N-Ameríka	Mount McKinley (Alaska)	6.197	
8	S-Ameríka	Aconcagua (Argentína)	6.963	
9	Asía	Mount Everest (Nepal/Tíbet)	8.854	



Bls. 4 af 5



	А	В	С	D	E	F
	Hæstu fjöll meginlandanna					
1						
2			Metrar			
3	Eyjaálfa	Mount Kosciusko (Ástralía)	2.230			
4	Evrópa	Mont Blanc (Frakkland/Ítalía)	4.810			
5	Antartica	Vinson Massif	5.143			
6	Afríka	Kilimanjaro (Tansanía)	5.899			
7	N-Ameríka	Mount McKinley (Alaska)	6.197			
8	S-Ameríka	Aconcagua (Argentína)	6.963			
9	Asía	Mount Everest (Nepal/Tíbet)	8.854			
10						
11		Hæstu fiöll me	eginland	lanna		
12		,	0			
13						
14						8 854
15						0.034
16			_		6.963	
17	etra		5.899	6.197		
18	Ξ	4.810 5.143				
19	_					
20	2 220					
21	_					
22	_	A A A		2	2	0
23		alle Malle Massi	santo al	atton	ntino	Hiber
24		Wanto unson olta	inter 1	1 mg	Nep	s.,
25	institut (Hat and and a start and a start a					
26	ounth	Bau Alla	Moun	PCOL	WIT EN	
27	en Mo	N.	· ·	2	0	
28					1	

### **17.** Farðu í **Útlit síðu – Uppsetning síðu**

#### Síða

Hafðu lárétt snið á síðunni (Langsnið)

#### Kvörðun

Aðlögun: 1 síður á breidd.

Spássíur

Miðjaðu verkefnið á síðuna.

#### Miðja á síðu

Lárétt og Lóðrétt

#### Haus/Fótur

Settu haus með nafninu þínu fyrir miðju.

Settu fót í verkefnið með heiti skjalsins vinstra megin og heiti síðunnar hægra megin.

**18.** Farðu í forskoðun prentunar.

**19.** Vistaðu skjalið aftur og lokaðu því.





Verð á handklæði

Fjöldi handklæða

Álagning

7

8

9

Fjölmiðjaðu fyrirsögnina í línu 1 yfir hólfin A1 og B1.
Feitletraðu og stækkaðu letrið í 14 pt.
Miðjaðu á línuna.
Hækkaðu línu 1 í 30,00.



#### Að afrita útlit á milli hólfa með sniðpenslinum

Í Excel geturðu afritað útlit á milli hólfa þannig:

Þú ferð í hólfið með útlitinu sem þú vilt afrita ogsmellir einu sinni á

sniðpensilinn 📝 á tækjaslánni.

Síðan velurðu hólfið sem á að fá sama útlit.

Þetta er mjög þægilegt t.d. þegar afrita á talnaútlit (þúsundaskiltákn) úr einu hólfi yfir í annað.

Til að afrita útlitið á fleiri en eitt hólf smellirðu tvisvar á pensilinn og smellir síðan í hvert hólf fyrir sig sem á að fá útlitið.

Ef þú smellir tvisvar á pensilinn þarftu að smella á hann aftur til að slökkva á honum eða ýta á **Esc**-hnappinn á lyklaborðinu.

4. Þegar þú hefur lokið við að útlitsmóta fyrirsögnina í A1 skaltu smella einu sinni á sniðpensilinn.
Smelltu síðan í hólfið A6.
Fyrirsögnin í hólfinu A6 fær þá sama útlit og fyrirsögnin í hólfinu A1.
Hækkaðu línu 6 í 30,00.



#### Í valmyndinni

Heim – Númer – Sníða hólf Tala – Flokkur: Gjaldmiðill er hægt að velja tákn fyrir mismunandi gjaldmiðla.




- Settu gjaldmiðilsútlit (evrumerkið €) með engum aukastöfum á hólfið B2.
- Settu talnaútlit (ISK) á hólfið B3.
   Engir aukastafir.

# **Heim – Tala** Smelltu á **Gjaldmiðill**.

Smelltu á Gjaldmiðill.



Finndu **evrumerkið** (€) í fellivalmyndinni **Tákn**. Taktu aukastafina af: Aukastafir: **0** 

# Heim – Tala

	В
3	130 ISK

Finndu ISK í fellivalmyndinni Tákn

# Aukastafir: 0



- 7. Settu sama talnaútlit á hólfið B5.
- Settu talnaútlit (ISK) á hólfin B7 og B8 á sama hátt.

9. Vertu með bendilinn í hólfinu B7 og margfaldaðu innkaupsverð á handklæði í evrum með gengi evrunnar til að reikna út verð á handklæði í íslenskum krónum.

# Vertu með bendilinn í hólfinu B3

og smelltu einu sinni á

sniðpensilinn.



Smelltu síðan í hólfið **B5**.

Það fær þá sama útlit og hólfið **B3**.

	А	В			
1	Handklæði				
2	Innkaupsverð	10€			
3	Gengi	130 ISK			
4	Álagning	60%			
5	Ágóði	390.000 ISK			
6	Svör				
7	Verð á handklæði	=B3*B2			
	Α	В			
7	Verð á handklæði	1.300 ISK			

- 10. Vertu með bendilinn í hólfinu B8 og margfaldaðu verð á handklæði í íslenskum krónum með álagningarprósentunni til að reikna út hve há álagningin er á hvert handklæði.
- Vertu með bendilinn í hólfinu B9 og deildu með álagningunni í ágóðann til að finna út hve mörg handklæði kaupmaðurinn þarf að selja til að hagnast um 390.000 kr.

	А	В				
4	Álagning	60%				
5	Ágóði	390.000 ISK				
6	Svör					
7	Vorā á bandklasāi	1 200 151				
1	vero a nanukiæor	1.500 13K				
8	Álagning	=B7*B4				
8	Álagning A	=B7*B4				
7 8 8	Álagning A Álagning	B 780 ISK				

	А	В
5	Ágóði	390.000 ISK
6	Svör	
7	Verð á handklæði	1.300 ISK
8	Álagning	780 ISK
9	Fjöldi handklæða	=B5/B8
	Α	В
9	Fjöldi handklæða	500

	A	В			
1	Handklæði				
2	Innkaupsverð	10€			
3	Gengi	130 ISK			
4	Álagning	60%			
5	Ágóði	390.000 ISK			
6	Svör				
7	Verð á handklæði	1.300 ISK			
8	Álagning	780 ISK			
9	Fjöldi handklæða	500			

Nú lítur verkefnið svona út.

Í skyggðum hólfum eru formúlur.

12. Vistaðu skjalið og lokaðu því.



- Gefðu síðu 2 heitið Formúlur og litaðu síðuflipann.
- Farðu í Formúlur
   Formúluendurskoðun
   Sýna formúlur.
   Þá birtir Excel formúlur í hverju hólfi í

stað þess að birta niðurstöðuna.

6. Smelltu í hornið vinstra megin við A-dálk og fyrir ofan línu 1.
Þá fer öll síðan í blokk.



Úrslit kosninga

🧏 Sýna formúlur

🜗 Villuleit 👻

🝷 🅼 Meta formúlu

Formúluendurskoðun

Formúlur

Farðu með bendilinn á milli einhverra dálka, t.d. B og C, og smelltu tvisvar á vinstri músarhnapp.
Þá aðlagast dálkabreidd hvers dálks að lengsta texta í dálki. в 🕂 С

Nú lítur verkefnið svona út.

Í stað niðurstöðutalna sjást formúlur í hólfum:

	A	В	С	D	E	F	G	Н
1	Úrslit kosninga		a					
2		Fjöldi atkvæða	Hlutfall					
3	Anna	35	=B3/\$B\$9					
4	Guðrún	20	=B4/\$B\$9					
5	Halldóra	60	=B5/\$B\$9					
6	Jónas	78	=B6/\$B\$9					
7	Skarphéðinn	25	=B7/\$B\$9					
8	Valdimar	40	=B8/\$B\$9					
9	Samtals	=SUM(B3:B8)	=B9/\$B\$9					
10								
11		Anna	Guðrún	Halldóra	Jónas	Skarphéðinn	Valdimar	Samtals
12	Fjöldi atkvæða	35	20	60	78	25	40	=SUM(B12:G12)
13	Hlutfall	=B12/\$H\$12	=C12/\$H\$12	=D12/\$H\$12	=E12/\$H\$12	=F12/\$H\$12	=G12/\$H\$12	=H12/\$H\$12

Farðu á síðu 1 (Úrslit kosninga).
 Smelltu í hólfið A1 og veldu fyllingarlit.

Farðu í valmyndina Heim – Númer – Sníða hólf – Fylling og veldu lit (eigið val). Einnig hægt að velja á tækjaslá.

Sníða hólf

 Tala
 Stilling
 Leturgerð
 Rammi
 Fylling

 Bakgrunnslitur:
 Enginn litur
 Image: Stilling
 Image: Stilling
 Image: Stilling

 Image: Stilling
 Image: Stilling
 Image: Stilling
 Image: Stilling
 Image: Stilling

 Image: Stilling
 Image: Stilling
 Image: Stilling
 Image: Stilling
 Image: Stilling

 Image: Stilling
 Image: Stilling
 Image: Stilling
 Image: Stilling
 Image: Stilling
 Image: Stilling

 Image: Stilling
 Image: Stilling
 Image: Stilling
 Image: Stilling
 Image: Stilling
 Image: Stilling

 Image: Stilling
 Image: Stilling
 Image: Stilling
 Image: Stilling
 Image: Stilling
 Image: Stilling

 Image: Stilling
 Image: Stilling
 Image: Stilling
 Image: Stilling
 Image: Stilling
 Image: Stilling
 Image: Stilling
 Image: Stilling
 Image: Stilling
 Image: Stilling
 Image: Stilling
 Image: Stilling
 Image: Stilling
 Image: Stilling
 Image: Stilling
 Image: Stilling
 Image: Stilling
 Image: Stilling
 Image: Stilling
 Image: Stilling
 Image: Stilling
 Image: Stilling
 Image: Stilling
 Image: Stilling



 9. Settu hólfin B2 og C2 í blokk og snúðu textanum lóðrétt.
 Farðu í valmyndina

 Heim – Stefna

 Snúa texta upp



atkvæða

35

Fjöldi

- 10. Farðu með bendilinn á milli línu 2 og 3 og hækkaðu línu 2.
- 11. Settu svæðið A2 til C8 í blokk og farðu í skipunina Heim Raða og sía.
  Sérstillt röð.
  Hafðu hakað við:
  Gögnin hafa fyrirsagnir
  Raða eftir Fjöldi atkvæða
  Gildi hólfs Röð: Stærsta til minnsta
  Þá raðast taflan þannig að flest atkvæðin koma efst. Í lagi





12. Settu svæðið B12 til G13 í blokk og farðu í skipunina Heim – Raða og sía. Sérstillt röð. Smelltu á Valkostir. Hafðu hakað við Raða frá vinstri til hægri – Í lagi. Raðaðu eftir Línu 13 og raðaðu þannig að flest atkvæðin komi fyrst (Stærsta til minnsta). Í lagi – Í lagi





**13.** Vistaðu skjalið og lokaðu því.



Í þessu verkefni áttu að setja upp reikningsdæmin hér á eftir og setja inn formúlur.

 Opnaðu skjalið **08daemi** og vistaðu það strax í Excel-möppunni.

#### Dæmi 1

Guðni ekur 320 km á 4 klukkutímum. Hversu langt ekur hann á 6 tímum ef hann heldur sama hraða?

- Settu formúlu í hólfið E1.
   Þú deilir með 4 klukkutímum í vegalengdina til að reikna út hve langt hann ekur á einum klukkutíma og margfaldar 6 klukkutíma með þeirri tölu til að reikna út hve langt hann ekur á þeim tímafjölda.
- Vistaðu skjalið og haltu síðan áfram að vinna í því.



	Α	В	С	D	E
1	Dæmi 1	320	4	6	=B1/C1*D1
	A	В	С	D	E
1	Dæmi 1	320	4		6 480

Dæmi 2

Buxur sem kosta 15.000 kr. eru seldar með 1.800 kr. afslætti.

Hve mörg prósent er afslátturinn?

\_\_\_\_\_



# Settu þúsundaskiltákn á hólfin B3 og C3.

#### Heim – Tala – Tala – Nota þúsundaskiltákn

Tala	a Stilling	) Let	turgerð	Rammi	Fylling
Fl <u>o</u> k	kur:				
Alm	ennt	~	Dæm	ni	
Tala					
Gjal	dmiðill				
Bók	hald		A <u>u</u> kas	tafir: 0	-
Dag	setning				
Prós	enta			t <u>a</u> þúsunda	askiltakn (.)
		_			
	A	E	3	С	
3	Dæmi 2	15	5.000	1.800	

5. Settu formúlu í hólfið D3.
Þú deilir verðinu í afsláttinn til að finna hvað hann er hátt hlutfall af verðinu.
Settu prósentustillingu á hólfið D3.

	Α	В	С	D
3	Dæmi 2	15.000	1.800	=C3/B3
	Α	В	С	D
3	Dæmi 2	15.000	1.800	12%
5	• % •			

Tala

Dæmi 3

Kaupmaður nokkur selur vörur fyrir 500.000 kr.

\_\_\_\_\_

Hver er hagnaður hans af sölunni ef álagningin er 25%?

7. Notaðu sniðpensilinn til að setja þúsundaskiltákn á hólfin B5 og D5. Hafðu %-stillingu á hólfinu C5.

	А	В	С
5	Dæmi 3	500.000	25%

8. Settu formúlu í hólfið D5.
Þú margfaldar álagninguna með verðinu til að reikna út hagnaðinn af sölunni.

1	А	В	С	D		
5	Dæmi 3	500.000	25%	=C5*B5		
	í A	B	C	D		
5	Dæmi 3	500.000	25%	125.000		

# Dæmi 4

Síðastliðið skólaár voru 1.200 nemendur í skóla nokkrum.

Næsta vetur verða þeir 15% fleiri.

Hve margir nemendur bætast við?

Hve margir verða nemendurnir næsta vetur?

10. Notaðu sniðpensilinn til að setja þúsundaskiltákn á hólfin B7 og E7. Hafðu %-stillingu á hólfinu C7.



	А	В	С
7	Dæmi 4	1.200	15%

- Farðu með bendilinn í hólfið D7.
   Margfaldaðu fjölda nemenda nú með 15% til að finna út hve margir nemendur bætast við.
- 12. Farðu með bendilinn í hólfið E7. Leggðu fjöldann sem var við þá nemendur sem bætast við til að finna út hve margir nemendur verða í skólanum næsta vetur.

	Α	В	С	D
7	Dæmi 4	1.200	15%	=C7*B7
	А	В	С	D
7	Dæmi 4	1.200	15%	180

	Α	В	C	С		D		
7	Dæmi 4	1.2	00	15%		180	=D7+B7	/
	Α	В	С		D		E	
7	Dæmi 4	1.200	15%		180		1.380	

Nú lítur verkefnið
svona út.

Í skyggðum hólfum eru formúlur.

	A	В	С	D	E
1	Dæmi 1	320	4	6	480
2					
3	Dæmi 2	15.000	1.800	12%	
4					
5	Dæmi 3	500.000	25%	125.000	
6					
7	Dæmi 4	1.200	15%	180	1.380

**13.** Vistaðu skjalið og lokaðu því.



tarmál í cm<sup>i</sup>

А

2 Geisli (radíus) Ummál

] H<u>n</u>életur

С

Flatarmál í cm2

в

ab C Textaskrið Heim – Textaskrið 6. Feitletraðu fyrirsagnirnar í línu 2. А в С Hægristilltu þær og settu fyrirsagnirnar Ummál og flatarmál hrings í hólfunum A2 og C2 í tvær línur 1 Flatarmál í Geisli (Textaskrið). (radíus) cm<sup>2</sup> Ummál Heim – Tala – Stilling. Inndráttur frá hægri **Textastilling** Lárétt: Hægri (Inndráttur) – Inndráttur: 1 Textastilling Lárétt: Hægri (Inndráttur)  $\sim$ Inn<u>d</u>ráttur: + 7. Settu svæðið A2 til C10 í blokk. 1 Ló<u>ō</u>rétt: Neõst Dragðu textann inn um 1 frá hægri.  $\sim$ Stærðin Pí er oft táknuð með gríska Pí er 3,1415926536 eða 22/7 stafnum  $\pi$  (borið fram Pí).  $\pi$  = U/Þ 384197169399375 U Ummál  $\flat *\pi = U$  $F = r^2 * \pi$ F Flatarmál  $P = 2 * r e \delta a P = U/\pi$ r Geisli (radíus)  $r = \frac{P}{2}$ Þ Þvermál Ummál hrings er fundið með því Formúlan fyrir flatarmál hrings er  $\pi * geisli^2$ að margfalda þvermálið með Pí. Formúlan fyrir **ummál** hrings er Pí er hlutfallið milli ummáls hrings  $\pi * \mathbf{bvermál}$ og þvermáls. eða Geislinn (radíusinn) er helmingurinn 2 \* geisli \*  $\pi$ af þvermálinu.

 Farðu með bendilinn í hólfið B3 og settu formúlu sem reiknar út ummál hrings.

# B3=A3\*2\*pi()

Hafðu einn aukastaf á hólfinu **B3**. Afritaðu formúluna niður í hólfið **B10**.



# Að fækka aukastöfum

Smelltu á hnappinn **Fækka aukastöfum** nokkrum sinnum þangað til aðeins einn aukastafur er á hólfinu.

	А	В	С
1	Ummál	og flatarmá	il hrings
	Geisli		Flatarmál í
2	(radíus)	Ummál	cm <sup>2</sup>
3	2	12,6	
4	4	25,1	
5	6	37,7	
6	8	50,3	
7	10	62,8	
8	12	75,4	
9	14	88,0	
10	16	100,5	

5<sup>3</sup> (fimm í þriðja veldi)

 $\wedge$ 



^ er fengið með því að halda niðri Alt-hnappi vinstra megin við bilslána og slá inn 094 á talnaborðinu hægra megin á lyklaborðinu samtímis.

Ath. Það þarf að vera kveikt á NumLock hnappnum.

**9.** Farðu með bendilinn í hólfið **C3** og settu formúlu sem reiknar út flatarmál hrings.

# C3=A3^2\*pi()

Námundaðu útkomuna með tveimur aukastöfum.

Afritaðu formúluna niður í hólfið **C10**.

Í skyggðum hólfum eru formúlur.

10. Vistaðu skjalið og lokaðu því.

Ef þú mælir ummál hrings og þvermál og deilir síðan þvermálinu í ummálið er niðurstöðutalan Pí sem er u.þ.b. 3,14. Forn-Grikkir notuðu táknið π til að tákna hlutfallið á milli ummáls og þvermáls í hring.





er 5 sinnum 5 sinnum 5.

С

Flatarmál í

cm<sup>2</sup>

12,57

50.27

113,10

201,06

314,16

452.39

615,75

804.25

Dæmi:

в

Ummál og flatarmál hrings

Ummál

12,6

25,1

37,7

50,3

62,8

75,4

88,0

100.5

1

2

3

4

5

6

7

8

9

10

Geisli

(radíus)

2

4

6

8

10

12

14

16



1. Opnaðu skjalið 10skidi í Excel og vistaðu það strax í Excel-möppunni.

Í skóla nokkrum er nemendum boðið upp á að fara í skíðaferð.

Í þessu verkefni áttu að finna út **kyn** á þátttakendum sem fara í ferðina með **If**-fallinu.

Þú átt einnig að finna fjölda þeirra með Count-fallinu og fjölda stráka og stelpna með Countif-fallinu.

2. Gefðu síðu 1 heitið Skíðaferð og litaðu síðuflipann.

Skíðaferð

3. Fjölmiðjaðu fyrirsögnina yfir hólfin A1 til D1. Stækkaðu letrið í 14 pt. Feitletraðu og miðjaðu lóðrétt á línuna.



#### Að setja hlaupandi númer í hólf

Hækkaðu línu 1.

4. Skrifaðu tölustafinn 1 í hólfið A2. Skrifaðu tölustafinn 2 í hólfið A3. Settu báðar tölurnar í blokk og afritaðu niður með því að smella í neðra hornið hægra megin á hólfinu A3. Haltu vinstri músarhnappi niðri og dragðu niður í hólfið A11. Slepptu músinni.

		_		
1		]	1	
2	1		2	1
3	2		3	2
4			4	3
5			5	4
6			6	5
7			7	6
8			8	7
9			9	8
10			10	9
11		-	11	10

Inndráttur frá hægri Heim – Stilling Textastilling – Lárétt: Hægri (Inndráttur)

Textastilling		
Láré <u>t</u> t:		
Hægri (Inndráttur)	$\sim$	Inn <u>d</u> ráttur:
Ló <u>ō</u> rétt:		1 🜩
Neõst	$\sim$	

- 5. Settu A2 til A11 í blokk og settu inndrátt frá hægri á dálkinn.
  Settu C-dálk í blokk og ýttu á hnappinn F4 á lyklaborðinu.
  Hnappurinn F4 endurtekur síðustu skipun.
- Settu B-dálk í blokk og settu inndrátt frá vinstri á dálkinn.
   Settu D-dálk í blokk og ýttu á hnappinn
   F4 á lyklaborðinu.
- Vistaðu skjalið og haltu síðan áfram að vinna í því.

Inndráttur frá vinstri Heim – Stilling Textastilling – Lárétt: Vinstri (Inndráttur)





# Talan **1** í C-dálki stendur fyrir **stráka** og talan **2** fyrir **stelpur**

	Α	В	С	D					
1		Skíðaferð							
2	1	Lára	2						
3	2	Margrét	2						
4	3	Oddur	1						
5	4	Snorri	1						
6	5	Hafþór	1						
7	6	Gunnar	1						
8	7	Guðjón	1						
9	8	Björg	2						
10	9	Árni	1						
11	10	Anna	2						
12		Fjöldi nemenda							
13		Fjöldi stelpna							
14		Fjöldi stráka							

# IF-fallið

IF-fallið er skilyrt fall. Það hefur þrjú svæði.

- 1. Skilyrði (samanburður).
- 2. Það sem á að skila í hólf ef skilyrðið er satt.
- 3. Það sem á að skila í hólf ef skilyrðið er ósatt.

Næst átt þú að setja IF-fallið í hólfið D2 sem finnur út hvort um strák eða stelpu er að ræða. Skilyrðið er að talan í hólfinu C2 sé 1 eða 2. Ef hún er 1 þá er um strák að ræða, annars stelpu. Í þessari skilyrðissetningu (If-setningu) er texta skilað – sama hvort skilyrði er satt eða ekki.

8. Vertu með bendilinn í hólfinuD2. Smelltu á x hnappinn
(Setja inn fall) við hliðina á ritlínunni. Finndu IF-fallið í listanum og smelltu á það. Smelltu á Í lagi.



9. Settu formúluna í línurnar sem birtast.
Ef tölustafurinn 1 er í hólfinu C2 á að standa Strákur í hólfinu D2 annars Stelpa.
Afritaðu formúluna niður í hólfið D10. Þú þarft ekki að skrifa gæsalappirnar á undan eða á eftir textanum **Strákur** eða **Stelpa**. Þær koma sjálfkrafa.

Logical\_test C2=1 Value\_if\_true <sup>-</sup>Strákur<sup>\*</sup> Value\_if\_false <sup>-</sup>Stelpa<sup>\*</sup>

Nú lítur verkefnið svona út.

Í skyggðum hólfum eru formúlur.

	Α	В	С	D				
1		Skíðaferð						
2	1	Lára	2	Stelpa				
3	2	Margrét	2	Stelpa				
4	3	Oddur	1	Strákur				
5	4	Snorri	1	Strákur				
6	5	Hafþór	1	Strákur				
7	6	Gunnar	1	Strákur				
8	7	Guðjón	1	Strákur				
9	8	Björg	2	Stelpa				
10	9	Árni	1	Strákur				
11	10	Anna	2	Stelpa				

 Raðaðu þátttakendum í röð, fyrst eftir kyni, síðan eftir nafni. Settu svæðið **B2** til **D11** í blokk og gefðu skipunina **Heim – Raða og sía – Sérstillt röð**.

Veldu:

Raða eftir: Dálkur C Minnsta til stærsta

Smelltu á Bæta við þrepi og veldu:

Síðan eftir: Dálkur B A til Ö

Það á <u>ekki</u> að vera hakað við

Gögnin hafa fyrirsagnir.

Smelltu á **Í lagi**.

Raða						? ×
<sup>+</sup> A↓ <u>B</u> æta vi	ið þrepi 🗙 🛛	<u>İ</u> yða þrepi	E Afrita þrep	▲ ▼ <u>V</u> alk	ostir 🗌 Gögnin ha	fa <u>f</u> yrirsagnir
Dálkur			Raõa eftir		Röð	_
Raõa eftir	Dálkur C	$\sim$	Gildi hólfs	~	Minnsta til stærsta	$\sim$
Síðan eftir	Dálkur B	$\sim$	Gildi hólfs	~	A til Ö	$\sim$

Nú lítur verkefnið svona út.

Í skyggðum hólfum eru formúlur.

	Α	В	С	D			
1	Skíðaferð						
2	1	Árni	1	Strákur			
3	2	Guðjón	1	Strákur			
4	3	Gunnar	1	Strákur			
5	4	Hafþór	1	Strákur			
6	5	Oddur	1	Strákur			
7	6	Snorri	1	Strákur			
8	7	Anna	2	Stelpa			
9	8	Björg	2	Stelpa			
10	9	Lára	2	Stelpa			
11	10	Margrét	2	Stelpa			

#### Count-fallið

Count-fallið (Fjöldi talna) skilar fjölda hólfa á ákveðnu svæði sem innihalda tölur.

Næst átt þú að finna út hve margir nemendur ætla í ferðina með því að setja **Count-fallið** í hólfið **C12**.

13. Vertu með bendilinn í hólfinu C12. Smelltu á örina niður við hliðina á hnappnum Sjálfvirk summa. Veldu fallið Fjöldi talna í listanum. Þá kemur upp gluggi sem sýnir hólfin C2:C11, þ.e. fjöldann í hólfunum C2 til C11. Ýttu á Enter til að staðfesta.

Σ Sj	álfvirk s	umma 🔻							
Σ	<u>S</u> umma	3							
	M <u>e</u> ðal								
Г	Fj <u>ö</u> ldi talna								
-	Hámarl	k							
	Lágmai	rk							
	Eleiri fö								
	Licitito								
	Α	В	С						
1		Skíðafe	erð						
2	1	Árni	1						
3	2	Guðjón	1						
4	3	Gunnar	1						
5	4	Hafþór	1						
6	5	Oddur	1						
7	6	Snorri	1						
8	7	Anna	2						
9	8	Björg	2						
10	9	Lára	2						
11	10	10 Margrét 2							
12		=COUNT(C	2:C11)						
	Α	В	С						

	<b>~</b>		
12		Fjöldi nemenda	10

# Countif-fallið

**Countif-fallið** skilar fjölda hólfa á ákveðnu svæði sem innihalda tölur með ákveðnum skilyrðum. Það hefur tvö svæði.

- 1. Svæði sem á að telja í.
- 2. Skilyrði sem hólfin þurfa að uppfylla.

Næst átt þú að finna út hve margar stelpur og hve margir strákar ætla í ferðina með því að setja **Countif-fallið** í hólfin **C13** og **C14**.

